ALÞÝÐUBLAÐIÐ

Fimmtudagur 9. febrúar 1995 | Stofnað 1919 | 23. tölublað - 76. árgangur

Baráttan um 2. sæti á lista Alþýðubandalagsins á Reykjanesi

Minnihluti í Kópavogi gegn mér

– segir **Sigríður Jóhannesdóttir** varaþingmaður. **Valþór Hlöðversson** segir Sigríði ekki njóta trausts Kópavogsbúa og vill **Kristínu Á. Guðmundsdóttir**, formann Sjúkraliðafélagsins í 2. sæti.

„Ég geri fastlega ráð fyrir að skipa áfram 2. sæti framboðslistans og hef enga ástæðu til að ætla annað. Það er hins vegar hluti félagsmanna í Kópavogi sem er mér andsnúinn. Þetta á ekki við um félagsmenn almennt. Mér er sagt að þetta sé einkum fólk sem er ráðandi í stjórn félagsins og geti því látið á sér bera. En ég tel mig hafa breiðan stuðning í kjördæminu og óttast ekki niðurstöðu fundar kjördæmisráðs," sagði **Sigríður Jóhannesdóttir**, varaþingmaður Alþýðubandalagsins í Reykjaneskjördæmi, í samtali við *Alþýðublaðið*.

Búist er við hörðum átökum á fundi kjördæmisráðs Alþýðubandalagsins á Reykjanesi í kvöld þar sem tekist verður á um 2. sæti á framboðslista flokksins. Sigríður Jóhannesdóttir í Keflavík og varaþingmaður hlaut flestar tilnefningar í þetta sæti i forvali sem fram fór. En innan Alþýðubandalagsfélagsins í Kópavogi er andstaða gegn Sigríði og þar vilja menn tefla fram **Kristínu Á. Guðmundsdóttur** í 2. sætið. **Valþór Hlöðversson**, bæjarfulltrúi Alþýðubandalagsins í Kópavogi, neitar því að það sé minnihluti félagsmanna sem vilji Sigríði burt úr 2. sæti. „Afstaða Kópavogsbúa í þessu máli hefur byggst á samtölum við fjölda fólks og þá vil ég biðja menn að hafa í huga að við erum að tala um svæði þar sem fylgi Alþýðubandalagsins í kjördæminu er hvað traustast. Okkur finnst skipta máli að framboðslistinn njóti trausts og stuðnings Kópavogsbúa. Ég efast um að svo sé með þessari uppstillingu. Það hefur verið leitað til ýmissa Kópavogsbúa um að taka sæti á listanum á eftir Sigríði en menn hafa ekki séð sér það fært. Ekki treyst sér til að vinna með þessum hætti. Ýmsir hafa nefnt nafn Kristínar Á. Guðmundsdóttur í 2. sætið og ég held að mönnum lítist almennt vel á það. Hins vegar óska ég framboðslistanum alls hins besta og vona að menn nái að vinna upp gegn þessari óánægju á næstu tveimur mánuðum," sagði Valþór í samtali við blaðið.

Meðal þess sem Sigríður Jóhannesdóttir hefur verið gagnrýnd fyrir er að hún hafi lítt sinnt flokksstarfi og sé sjaldséður gestur á fundum Alþýðubandalagsfélaga. Sigríður taldi þetta alrangt. „Ég er formaður framkvæmdastjórnar flokksins og veit ekki betur en ég hafi verið á öllum fundum í framkvæmdastjórn, miðstjórn og öllum fundum í kjördæmisráði. Ég var á 63 fundum í Alþýðubandalaginu í Keflavík, Njarðvík og Höfnum á síðasta ári. Hins vegar er ég bara varaþingmaður og mæti því ekki á félagsfundi í Kópavogi nema mér sé boðið. En mér hefur ekki verið boðið þangað. Hins vegar hef ég þegið boð félagsins í Hafnarfirði," sagði Sigríður.

Hefur komið fram krafa um að þú víkir sæti fyrir Kristínu Á. Guðmundsdóttur?

„Ekki nema frá henni sjálfri. Það er búið að samþykkja í uppstillinganefnd að ég verði í öðru sæti og listinn verður borinn þannig fram. Ef Kristín vill hins vegar fara í kosningu á fundi kjördæmisráðs þá gerir hún það bara. Hún hefur þá eflaust einhverja til að stinga upp á sér. En mér finnst þetta svolítið sérkennileg staða og nokkur dirfska af Kristínu," sagði Sigríður. Hún vildi ekki ræða viðbrögð sín við því að tapa fyrir Kristínu á fundinum í kvöld, ef til þess kæmi.

Meirihluti allsherjarnefndar um málefni umhverfisráðherra

Engin ástæða til rannsóknar

Meirihluti allsherjarnefndar Alþingis telur enga ástæðu til skipunar rannsóknarnefndar vegna embættisfærslu **Össurar Skarphéðinssonar** umhverfisráðherra við flutning á embætti veiðistjóra til Akureyrar.

Á fundi allsherjarnefndar í gær var fjallað um tillögu **Hjörleifs Guttormssonar** um skipun rannsóknarnefndar til að kanna embættisfærslu umhverfisráðherra gagnvart starfsmönnum veiðistjóra í tengslum við ákvörðun hans um flutning embættisins. Meirihluti allsherjarnefndar telur hvorki ástæðu til skipunar þeirrar rannsóknarnefndar sem tillagan gerir ráð fyrir né þeirrar rannsóknar á embættisfærslu umhverfisráðherra sem þar er mælt fyrir um og leggur til að tillagan verði felld.

Undir álit meirihlutans skrifa **Guðmundur Árni Stefánsson, Björn Bjarnason, Eyjólfur Konráð Jónsson, Tómas Ingi Olrich** og **Ingi Björn Albertsson.**

Framsóknarmenn á Vestfjörðum

Meiri líkur á sérlista

– segir **Pétur Bjarnason** varaþingmaður. **Gunnlaugur M. Sigmundsson** segir menn mega bjóða fram út allar koppagrundir.

„Það eru meiri líkur en minni á að boðinn verði fram sérlisti. Miklar umræður eru í gangi um málið og ljóst að áhugi margra beinist að sérframboði. Málið er á góðri siglingu og endanleg ákvörðun liggur fyrir á næstunni," sagði **Pétur Bjarnason** varaþingmaður Framsóknarflokksins á Vestfjörðum í samtali við *Alþýðublaðið*.

Pétur sagði að ýmsir kæmu til greina á framboðslistann en hann vildi ekki gefa upp nein nöfn að sinni. Hins vegar legðu margir fast að sér að fara í framboð og málin ættu að skýrast á næstu dögum.

Meðal stuðningsmanna Pétur Bjarnasonar á Vestfjörðum eru **Guðni Ásmundsson** sem átti sæti í stjórn Framsóknarfélagsins á Ísafirði en hefur sagt sig úr flokknum. Formaður félagsins, **Inga Ósk Jónasdóttir, hefur lýst yfir stuðningi við Pétur. Þá hefur Hannes Friðriksson** kaupmaður á Bíldudal lýst yfir stuðningi við framboð Péturs.

„Ég held að það hafi verið átta framsóknarmenn sem skrifuðu á lista til stuðnings Pétri. Þessi kaupmaður á Bíldudal sem hefur verið nefndur er yfirlýstur sjálfstæðismaður.

Þetta er frjálst land og hvort menn úr ýmsum flokkum slá sér saman um einhvern lista kemur mér ekki nokkurn skapaðan hlut við," sagði **Gunnlaugur M. Sigmundsson** sem skipar efsta sæti á lista Framsóknarflokksins á Vestfjörðum. Gunnlaugur bar sigurorð af Pétri í prófkjöri um 1. sætið.

Gunnlaugur sagðist alls ekki hafa orðið var við neinn flótta frá Framsóknarflokknum á Vestfjörðum. Hvað varðaði stuðningsmenn Péturs kæmu alltaf upp sömu nöfnin og það þyrfti að fara á sjást eitthvað af nýju blóði ef þetta sérframboð ætti að eiga einhverja möguleika.

„Hvort sem menn vilja bjóða fram kristinn lista eða ókristinn lista eða hvað þeir vilja gera út um allar koppagrundir er ekki mitt mál. Þetta fólk ætlar ekki að bjóða fram í nafni Framsóknar og þar með er þetta ekki frekar mitt mál en **Einars Kristins Guðfinnssonar** eða annarra," sagði Gunnlaugur M. Sigmundsson.

Þjóðvaki á Norðurlandi eystra


Listinn ekki tilbúinn

„Það er ekki búið að samþykkja neinn lista hér en ég geri ráð fyrir að hann verði tilbúinn fljótlega. Það fór fram tilnefningarumferð hér hjá Þjóðvaka en ekki hefur verið raðað í nein sæti," sagði Svanfríður Jónasdóttir á Dalvík, varaformaður Þjóðvaka í samtali við *Alþýðublaðið* í gær. Svanfríður var spurð álits á þeim ummælum útgöngumanna af landsfundi Þjóðvaka að þar hefðu verið stunduð ólýðræðisleg vinnubrögð. Hún tók ekki undir þá skoðun.

„Þarna voru ekki stunduð ólýðræðisleg vinnubrögð og þá er ég bara að bera saman stjórnmálastörf sem ég þekki af fyrri reynslu.

Ég veit ekki hvaða viðmiðun þeir hafa sem tala svona," sagði Svanfríður.


Hún var sem kunnugt er í Alþýðubandalaginu áður og starfaði þar meðal annars sem varaformaður um skeið.




A-mynd: E.Ól.

Lennon á Íslandi! **18. janúar opnar á Kjarvalsstöðum sýning á verkum eftir friðarsinnann, blómabarnið, skáldið, Bítilinn og myndlistarmanninn John Lennon. Tónskáldið frá Liverpool hafði semsagt margt til brunns að bera, og þótti meira en liðtækur í myndlistinni. Í gær voru Anna Margrét Bjarnadóttir og Gústav Óskarsson í óða önn að undirbúa sýninguna sem áreiðanlega á eftir að vekja mikla athygli.**

Alþýðublaðið í dag




Svavar Gestsson er pólitískur flóttamaður
Leiðari 2



Þjóðaríþróttin, handboltinn, er í kreppu
Silfur Egils 2

Flokkur sem þorir meðan aðrir tvístíga
Pallborð 3



Sævar Ciesielski ætlar að sanna sakleysi sitt
Viðtal 4 og 5

Litli lávarðurinn, George Orson Welles
Umfjöllun 6 og 7



Utanríkisráðherra Svíþjóðar um Evrópusambandið
Viðtal 7